



Alþingi
Erindi nr. P 138/3028
komudagur 17.8.2010

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi
b.t. allsherjarnefndar

Reykjavík 13. ágúst 2010

við Austurvöll
150 REYKJAVÍK

0911001SA TP
Málalykill: 401

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breyt. á lögum um Stjórnarráð Íslands – 658. mál

Frumvarpið barst Sambandi íslenskra sveitarfélaga til umsagnar með tölvupósti nefndasviðs Alþingis þann 22. júní 2010.

Sambandið lætur eftirfarandi umsögn í té en tekið skal fram að stjórn þess hefur ekki fjallað um málið.

Verði frumvarpið að lögum er um að ræða mikla breytingu á því hvernig stjórnsýsla ríkisins eru skipulögð. Til framtíðar mun breytingin hafa víðtæk áhrif á aðra þætti í starfsemi hins opinbera, þar á meðal á sveitarfélögin sem fara með annan af tveimur meginþáttum framkvæmdavaldsins. Mikilvægt er því að vel takist til með breytinguna og að hún hljóti þann undirbúning sem nauðsynlegur er. Verði hnökrar á sameiningu ráðuneyta mun það án efa verka neikvætt á áform um endurskoðun á verkaskiptingu stofnana, sem ætlunin er að hrinda í framkvæmd í kjölfarið. Sú endurskoðun felur í sér uppstokkun á málefnasviðum og er að því leyti mikilvægasti liðurinn í því að bæta skilvirkni og efla fagmennsku í stjórnsýslunni.

Megintillögur frumvarpsins styðjast við gild fagleg rök, auk þess sem sýnt hefur verið fram á að breytingin geti leitt til umtalsverðrar kostnaðarlækkunar. Er þá einnig horft til endurskipulagningar á stofnanakerfinu sem með einum eða öðrum hætti mun með tímanum leiða af sameiningu ráðuneyta. Að mati sambandsins er fyllilega raunhæft að gera ráð fyrir að þessi hagræðing geti orðið án þess að burðir ráðuneytanna til þess að sinna hlutverki sínu verði skertir. Þá er það afgerandi kostur fyrir forsvarsmenn sveitarfélaganna að færri viðmælendur séu af hálfu ríkisins í ýmsum mikilvægum málaflokkum. Sameining heilbrigðisráðuneytis og félags- og tryggingamálaráðuneytis í eitt velferðarráðuneyti er þar ótvírætt framfaraskref sem ætti að stuðla að því að hið opinbera móti og framfylgi heildstæðri stefnu um samþætta nærþjónustu við íbúa á sviði velferðarmála.

Sambandið gerir hins vegar athugasemd við áform, sem lesa má um í greinargerð með frumvarpinu og felast m.a. í því að umhverfisráðuneytið fái í ríkari mæli forræði yfir auðlindastjórnnum og rannsóknum, sem nú er sinnt af atvinnuvegaráðuneytum. Telja verður misráðið að sú raunhæfa skipulagsbreyting, sem er meginefni frumvarpsins, sé þannig spyrt við mörg erfiðustu deilumál samtímans. Er í flesta staði eðlilegra að sameining ráðuneyta sé afgreidd fyrst og síðan unnið málefnalega úr þeirri breytingu



með endurskipulagningu stofnanakerfisins og þá eftir atvikum með stefnumarkandi tilflutningi málaflokka.

Tekið skal fram í þessu sambandi að ekki er gerð athugasemd við að heiti umhverfisráðuneytisins verði breytt, en áhersla er jafnframt lögð á að skoða þurfi vel hvort stjórnábylgjur áreksrar felist í því að sami ráðherra fari annars vegar með málefni sem varða mat á umhverfisáhrifum og skipulagsgerð og hins vegar umsjón með útgáfu rannsóknar-, nýtingar- og virkjunarleyfa.

Mikilvægt er að frumvarpið fái víðtæka og opna umfjöllun og gerir sambandið ráð fyrir því að fulltrúar þess verði kallaðir til viðræðna við allsherjarnefnd við áframhaldandi meðferð málsins. Sérstök ástæða er til þess að vanda til skoðanaskipta um vistun verkefna ef hugmyndir þróast áfram um að samhliða skipulagsbreytingunni verði um tilfærslu á málaflokkum að ræða. Er þar vísað til þess að í greinargerð með frumvarpinu er yfirfærsla á málaflokkum til sveitarfélaganna sérstaklega nefnd til sögunnar sem verkefni er búa beri í haginn fyrir.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Karl Björnsson
framkvæmdastjóri